

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
Reykjavík

Reykjavík, 21. janúar 2021

Yfirskattanevnd gerir athugasemdir við eitt atriði í frumvarpi til laga um breytingu á stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993, með síðari breytingum (starfshættir kærustjórnvalda), sem kynnt er í samráðsgátt.

Með 2. gr. frumvarpsins er ráðgert að lögfest verði að birta skuli í úrskurði nöfn þeirra sem standa að honum og undirskrift þeirra. Markmið tillögunnar er útskýrt í athugasemdum. Annars vegar er tilgangurinn sá að úrskurður beri með sér að mál hafi verið leitt til lykta af stjórnvaldi sem hæft var til ályktunar, sbr. 1. mgr. 34. gr. stjórnarsýslulaga, en til hliðsjónar er vísað til tiltekins álits umboðsmanns Alþingis. Hins vegar er stefnt að því með þessari reglu að aðili máls geti lagt mat á það hvort þeir sem standa að úrskurði fullnægi kröfum laga um sérstakt hæfi.

Til að ná þessum markmiðum er ekki þörf á báðum umræddum atriðum, a) að fram komi í úrskurði hverjir standi að honum og b) undirskrift. Ekki er að slíku vikið í því álitum umboðsmanns Alþingis sem til er vísað. Þar segir að „... í samræmi við vandaða stjórnarsýsluhætti tel ég, að gera hefði átt grein fyrir því í upphafi úrskurðar stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, hverjir stóðu að umræddri afgreiðslu hennar“.

Til að ná því fram sem að er stefnt með tillögunni er nægilegt að orða ákvæðið t.d.: „Nöfn þeirra sem standa að úrskurðinum eða undirskrift þeirra.“

Tekið skal fram að í upphafi úrskurða yfirskattanevndar koma fram nöfn þeirra nefndarmanna sem úrskurða í máli. Ekki hefur verið venja að nefndarmenn riti til viðbótar nöfn sín undir eintak úrskurðar sem sent er málsaðilum. Undirritun nefndarmanna um afgreiðslu máls liggur hins vegar fyrir í gerðabók frá þeim fundi nefndarinnar sem fjallaði um málið. Málsaðili fær í hendur staðfest endurrit úrskurðar. Verklag hefur verið með þessum hætti í áratugi án þess að athugasemdir hafi komið fram.

Ákvæði 2. gr. frumvarpsins, svo orðað sem lagt er til, getur leitt til umtalsverðs óhagræðis í störfum yfirskattanevndar. Þetta á sérstaklega við þær aðstæður, sem nefndin hefur oft staðið frammi fyrir á starfstíma sínum, að tugir mála eru til afgreiðslu á sama tíma. Mestur fjöldi afgreiddra mála á sama degi telur um 550 úrskurði. Öll lutu þessi kærumál að hliðstæðu ágreiningsefni en vörðuðu þennan fjölda skattgreiðenda. Hér er að vísu um 20 ára gamalt dæmi að ræða en það sýnir engu að síður við hverju má búast. Við þessar aðstæður dugir skammt að vísa á möguleika til rafrænnar undirritunar.

Yfirskattanevnd fer því fram á að hugað verði nánar að framangreindum lið í frumvarpinu.

Virðingarfyllt,

Ólafur Ólafsson,
formaður yfirskattanevndar.